

Aðalfundur SBU  
28. apríl 2010  
Borgartúni 6

Mætt: Andrea Jóhannsdóttir, Anna Sveinsdóttir, Ásdís Hafstað, Halldór Valdimarsson, Ívar Ólafsson, Jóna Guðmundsdóttir, Kristín Ósk Hlynsdóttir, Margrét Ögn Rafnsdóttir, Óskar Guðjónsson, Sigrún Guðnadóttir, Sveinn Ólafsson.

Óskar setti fundinn kl. 16 og skipaði með leyfi fundarins Halldór sem fundarstjóra og Svein sem fundarritara.

1. Skýrsla stjórnar. Óskar kynnti starfsemi félagsins síðan aðalfundur var haldinn í mars á síðasta ári. Óskar kynnti einnig ný gögn um launasamsetningu til viðbótar þeim sem komu fram í skýrslu stjórnar. Spurt var um hvort þau gögn yrðu sett á vef og var ákveðið að það yrði gert. Skýrslan var borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. Halldór kynnti reikninga félagsins fyrir árið 2009. Helstu atriði í rekstrarreikningi félagsins eru að félagsgjöld hækkuðu og tekjur þar með. Á sama tíma lækkuðu rekstrargjöld við minni kostnað, bæði af rekstri Huggarðs og gjöld greidd til BHM lækkuðu úr 0,20% í 0,17%. Rekstrarhagnaður ársins varð rúmar 1.858 þúsund miðað við tæpar 850 þúsund árið á undan. Halldór kynnti einnig starfsemi Vísindasjóðs og Kjaradeilusjóðs. Reikningar voru bornir undir fundinn allir í einu og samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

3. Lagabreytingar - tillaga um breytingu á 16. grein. Óskar mælti fyrir breytingunni. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Fjárhagsáætlun. Halldór lagði fram áætlun og bar undir fundinn. Áætlunin var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Kosning stjórnar. Óskar Guðjónsson, Sigrún Guðnadóttir og Sveinn Ólafsson gefa kost á sér til áframhaldandi setu. Bára Stefánsdóttir gefur kost á sér áfram sem varamaður stjórnar. Helga Halldórsdóttir og Margrét Ögn Rafnsdóttir gefa kost á sér til setu í aðalstjórn. Engin mótframboð komu fram og teljast Helga og Margrét rétt kjörnar. Óskar Guðjónsson er formaður en stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund.

6. Kosning tveggja skoðunarmanna. Ása Þórðardóttir og María Frímannsdóttir hafa sinnt þessum verkum og voru þær beðnar að taka þau að sér áfram. Þær teljast rétt kjörnar.

7. Kosning í nefndir og til annarra trúnaðarstarfa innan félagsins. Stjórn félagsins mun skipa fólk í þessar nefndir.

## 8. Önnur mál:

Ívar Ólafsson kom með fyrirspurn varðandi bókun í samningi Reykjavíkurborgar og SBU um starfsmatskerfi og sérstaklega um endurmat starfa þar sem mat er orðið eldra en 5 ára, hvernig þau mál stæðu.

Óskar svaraði að hann og Halldór hefðu rætt þessi mál við fulltrúa borgarinnar í samstarfsnefnd en þetta endurmat hefur ekki farið fram. Óskar segir að ýtt verði á eftir þessu máli.

Anna Sveinsdóttir kom með fyrirspurn um virkni félagsins og bar saman við virkni FÍN. Hún nefndi sérstaklega upplýsingar til félagsmanna í kjölfar hrunsins sem hefðu komið afar greiðlega til félagsmanna FÍN.

Halldór svaraði að þær upplýsingar kæmu upprunalega frá BHM. Hjá FÍN komu upplýsingar gegnum það félag en hjá SBU beint frá BHM. Umræður spunnust um virkni og hlutverk stéttarféлага og hvort ekki væri rétt að Huggarður haldi betur utan um trúnaðarmannakerfi.

Umræður urðu síðan um stöðu stéttarinnar og kjör.

Fundi var slitið kl. 18.

---